

Skýrsla um starfsemi Kennarasambands Íslands til ársfundar 2009

Stjórn Kennarasambands Íslands 2008-2011

Eftir fjórða þing KÍ árið 2008 tóku eftirtaldir sæti í stjórn:

Eiríkur Jónsson	formaður
Elna Katrín Jónsdóttir	varaformaður
Aðalheiður Steingrímsdóttir	FF
Björg Bjarnadóttir	FL
Björk Óttarsdóttir	FL
Haukur Már Haraldsson	FF
Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson	SÍ
Ólafur Loftsson	FG
Guðmundur Guðlaugsson	FS
Sigrún Grendal	FT
Valgeir Gestsson	FG
Þórður Á. Hjaltested	FG

Stjórnin hefur haldið alls þrettán reglulega stjórnarfundum frá síðasta þingi til febrúarloka 2009, auk tveggja aukafunda. Á stjórnarfundum eru tekin til afgreiðslu öll mál er varða starfsemi Kennarasambandsins. Sá háttur hefur verið hafður á um mál, sem berast Kennarasambandinu en varða í raun aðeins hluta aðildarfélaganna, að þeim hefur verið vísað til stjórna viðkomandi félaga til afgreiðslu. Þetta hefur í för með sér að ef leitað er eftir tilnefningu í nefnd eða starfshóp og sérstaklega er óskað eftir kennara eða stjórnanda af ákveðnu skólastigi þá skipar viðkomandi stjórn fulltrúann en hann er engu að síður fulltrúi Kennarasambandsins í viðkomandi nefnd. Ritun fundargerða á stjórnarfundum er sem fyrr í höndum Helga E. Helgasonar. Ekki verður gerð grein fyrir efni stjórnarfunda í skýrslu þessari en drepíð á það helsta í starfsemi sambandsins frá fjórða þingi KÍ sem haldið var í apríl 2008.

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins í Kennarahúsinu

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins hefur að mestu leyti verið með hefðbundnum hætti frá síðasta þingi. Nú er að ljúka breytingum á 1. hæð hússins en þær felast í því að skrifstofum er fjölgað en miðrymi minnkað að sama skapi. Þetta er gert til að kleift verði að standa við samþykktir síðasta þings um mannaáráðningar, m.a. ráðningu hagfræðings í fullt starf.

Á síðustu mánuðum hefur verið unnið að gerð þjónustustefnu KÍ og er þess að vænta að þeirri vinnu ljúki innan skamms.

Starfsmannamál

Eftirtaldir sinna störfum í Kennarahúsinu fyrir KÍ, aðildarfélög og sjóði miðað við febrúar 2009:

Starfsmenn KÍ á félagssviði

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, er í fullu starfi og er formaður kjararáðs. Hann sinnir kjara-, félags- og skólamálum og fylgist með starfsemi nefnda Kennarasambandsins auk þess sem hann fylgist með starfi aðildarfélaganna og aðstoðar þau eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Hann sinnir samskiptum við önnur samtök launafólks, fjölmiðla og aðra þá er Kennarasambandið á samstarf við. Hann sinnir erlendu samstarfi. Formaður stýrir félagssviði.

Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður Kennarasambandsins og staðgengill formanns. Hún er í fullu starfi og sinnir skóla-, félags- og kjaramálum. Elna er formaður Skólamálaráðs og talsmaður KÍ í skólamálum, sinnir erlendu samstarfi, fræðslu- og kynningarmálum. Hún sinnir einnig kjara- og réttindamálum félaga sem semja við ríkið.

Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur KÍ, hefur aðsetur í Borgartúni 6. Hún annast öll almenn lögfræðistörf fyrir KÍ, félögin og sjóði.

Kristín Elfa Guðnadóttir, ritstjóri Skólavörðunnar, sér um efnisöflun, ritun greina og samskipti við ljósmyndara, hönnuði, prófarkalesara og prentsmiðjur. Hún sinnir fréttaskrifum á vef, útsendingum til fjölmiðla, umsjón með útgáfu á vegum KÍ (ásamt fleirum) og ýmiss konar skrifum, verkstjórn og ráðgjöf í tengslum við útgáfu- og upplýsingamál.

Starfsmenn félaga

Ólafur Loftsson, formaður FG, sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Þórður Á. Hjaltested, varaformaður FG, sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Sesselja G. Sigurðardóttir sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður FF, sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara.

Oddur S. Jakobsson er í hlutastarfi fyrir Félag framhaldsskólakennara en sinnir auk þess ýmsum hagfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin.

Anna María Gunnarsdóttir er í hlutastarfi og sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara.

Jón Ingi Einarsson er starfsmaður Skólastjórafélagsins.

Hafdís D. Guðmundsdóttir er starfsmaður Félags tónlistarskólakennara í 50% starfi og sinnir auk þess 50% starfi fyrir Vinnuumhverfisnefnd KÍ.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, formaður FT, sinnir störfum fyrir Félag tónlistarskólakennara og er í hlutastarfi.

Björg Bjarnadóttir, formaður FL, sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara.

Ingibjörg Kristleifsdóttir, varaformaður FL, sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara.

Þorgerður Diðriksdóttir, formaður KFR, sinnir störfum fyrir FG í hlutastarfi.

Starfsmenn KÍ á þjónustusviði

Hannes Þorsteinsson, skrifstofustjóri Kennarasambandsins, sér um daglegan rekstur skrifstofunnar og starfsmannahald, hefur umsjón með eignum sambandsins, fjármálum og rekstri. Skrifstofustjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt sérstakri samþykkt stjórnar. Skrifstofustjóri stýrir þjónustusviði.

Ásta St. Eiríksdóttir fulltrúi sér um innheimtu félags- og sjóðagjalda og hefur samskipti við launagreiðendur vegna þess. Frá hausti 2007 hefur Ásta verið gjaldkeri sjóða auk þess að vinna að undirbúningi nýs innheimtukerfis í samvinnu við BYR-sparisjóð og DK hugbúnaðar-fyrirtækið.

Hanna Dóra Þórisdóttir er framkvæmdastjóri Orlofssjóðs og sér um allan daglegan rekstur og fjármál sjóðsins.

Ingunn Þorleifsdóttir annast ræstingar í Kennarahúsinu.

Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi sér um að svara erindum sem berast um launa- og réttindamál. Þau mál sem þarfnast frekari vinnslu sendir hún áfram til formanns viðkomandi félags eða formanns KÍ til frekari skoðunar.

María Norðdahl er starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða. Hún tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Ragnheiður Ármannsdóttir er starfsmaður Orlofssjóðs í hlutastarfi.

Ragnhildur S. Björnsdóttir er vef- og skjalastjóri KÍ. Hún sér um vef KÍ og rafræna mála- og skjalastjórnun.

Sigríður Sveinsdóttir er í hlutastarfi, hún hefur umsjón með félagatali Kennarasambandsins og sinnir verkefnum fyrir aðildar- og sérfélögin sem tengjast félagaskránni.

Sigrún Harðardóttir er starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða. Hún tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Sigurlína S. Kristjánsdóttir sinnir símavörslu og almennum skrifstofustörfum.

Stella Kristinsdóttir er í hlutastarfi og sér um matseld í hádegi. Auk þess sér hún um sölu auglýsinga í Skólavörðuna.

Frá síðasta þingi hafa eftirtaldir látið af störfum í Kennarahúsinu:

Hrafnhildur Kristbjarnardóttir

Pröstur Brynjarsson

Nýir starfsmenn í Kennarahúsi frá síðasta þingi KÍ eru:

Ingibjörg Kristleifsdóttir, varaformaður FL

Ragnheiður Ármannsdóttir, starfsmaður Orlofssjóðs

Þjónustustefna KÍ

Á þingi KÍ í apríl 2008 var eftirfarandi samþykkt um þjónustustefnu KÍ:

Fjórdá þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 felur stjórn KÍ að móta þjónustustefnu fyrir Kennarasamband Íslands og Kennarahúsið. Í þjónustustefnu verði tillögur ParX og ákvarðanir stjórnar í framhaldi af þeim útfærðar nánar og settar upp með skýrum hætti. Þingið leggur áherslu á

að með þessu móti verði til skýr rammi um þá þjónustu sem KÍ, félögin og sjóðirnir veita. Í þjónustustefnu skal koma fram hvaða þjónusta er í boði fyrir hvern þátt í starfseminni og hvar hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustuna.

Unnið hefur verið að því að semja þjónustustefnu fyrir KÍ á grundvelli þing-samþykktarinnar og er sú vinna vel á veg komin, en hún hefur verið í höndum Hannesar Þorsteinssonar, Þórðar Á. Hjaltested, Ingibjargar Úlfarsdóttur og Ragnildar Björnsdóttur. Drög að þjónustustefnu verða kynnt á ársfundinum.

Lögfræðistörf fyrir Kennarasambandið

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur er í fullu starfi fyrir KÍ og BHM. Aðalstarfsstöð hennar er í húsnæði BHM í Borgartúni 6. Starfshlutfall skiptist jafnt milli samtakanna. Erna hefur sinnt fjölbreyttum lögfræðistörfum fyrir KÍ og félögin frá því hún hóf störf á þeim vettvangi. Auk Ernu hafa þeir Guðni Á. Haraldsson, Ragnar H. Hall og Gísli Guðni Hall rekið mál fyrir sambandið.

Sú ráðstöfun að hafa lögfræðing í föstu starfi fyrir sambandið hefur breytt miklu og leitt til þess að þjónustan hefur batnað. Það er hins vegar afar mikilvægt að geta leitað til lögmanna á borð við þá sem að ofan eru nefndir þegar aukaaðstoðar er þörf við málarekstur. Þau mál sem KÍ hefur rekið fyrir dómstólum fyrir félagsmenn sína hafa í langflestum tilfellum unnist og oftast en ekki hefur gagnaðili málsins verið dæmdur til að greiða málskostnað að auki. Engu að síður er kostnaður við málarekstur ávallt mikill.

Fundir og erindrekstur

Félög innan Kennarasambandsins hafa lagt metnað sinn í að sinna öflugu fræðslu- og kynningarstarfi. Í því sambandi nægir að nefna trúnaðarmannafundi, námskeið og skólaheimsóknir, en allir þessir þættir eru fastir liðir í starfsemi félaganna. Ekki hefur enn tekist að koma á skipulögðu fræðslustarfi fyrir alla trúnaðarmenn eða eftir atvikum alla félagsmenn úti á svæðunum vegna málefna sem ganga þvert á skólastig og félög. Hér er til dæmis átt við lífeyrismál og mál er varða veikinda- og fæðingarorlofsrétt félagsmanna. Mikilvægt er að bæta úr þessu og ná með því aukinni hagræðingu í rekstri KÍ. Með tilkomu fastráðins lögmans Kennarasambandsins munu væntanlega skapast betri möguleikar á að skipuleggja fræðslustarfsemi af þessu tagi. Unnar hafa verið tillögur um samstarf félaga úti á svæðunum sem kynntar verða nánar á ársfundinum en þær miða að því að auka möguleika á funda- og fræðslustarfsemi þvert á félög og skólastig.

Rétt er að geta þess að stjórnarmenn hafa tekið þátt í fjölda funda og ráðstefna bæði heima og erlendis og í mörgum tilfellum flutt ávörp eða erindi við slík tækifæri.

Afmælisár, lok afmælis dagskrár, útgáfa bókar

Sumarið 2008 lauk formlegri afmælis dagskrá vegna 100 ára afmælis fyrstu fræðslulaganna. Kennarasambandið tók þátt í þessu verkefni með Kennaraháskóla Íslands og lauk dagskránni með veglegri hátíð í Borgarleikhúsinu. Í desember kom síðan út ritið Saga alþýðufræðslunnar

Í ritstjórn Lofta Guttormssonar en vinna við útgáfu bókarinnar hafði þá staðið yfir í nokkur ár. Kennarasambandið styrkti útgáfu bókarinnar fjárhagslega.

Útgáfu- og kynningarmál

Skólavarðan

Þær breytingar urðu á útgáfu Skólavörðunnar á árinu 2008 að hún er nú rúlluprentuð hjá Ísafold (hjá Gutenberg fyrri hluta árs) í stað offsetprentunar hjá Svansprent en þessu fylgir talsverð hagræðing. Prentsamningar eru endurskoðaðir reglulega. Sjö tölublöð komu út árið 2008. Ritstjórn er svo skipuð: Auður Hrólfsdóttir, Guðlaug Guðsteinsdóttir, Gunnur Árnadóttir, Kristín Elfa Guðnadóttir, Ólöf Una Jónsdóttir, Sigríður Snjólaug Vernharðsdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir.

Útgáfa bæklinga

Að venju hefur Kennarasambandið og félögin gefið út bæklinga um þau mál sem samþykkt hefur verið að vinna að á þingi og aðalfundum.

Handbók

Útgáfu Handbókar Kennarasambands Íslands hefur verið haldið áfram í svipuðu formi og áður. Lögð er áhersla á að upplýsingatexti hafi fyrst og fremst að geyma lykilupplýsingar sem koma öllum félagsmönnum að gagni og tilvísanir á heimasíðu um ítarlegri upplýsingar.

Samstarf við fjölmiðla

Útgáfu- og upplýsingasvið átti samstarf við fjölmiðla en eitt af hlutverkum þess var að koma nauðsynlegum upplýsingum frá Kennarasambandinu og aðildarfélögunum á framfæri við fjölmiðla.

Samþykktir fjórða þings KÍ um útgáfu- og kynningarmál

Unnið hefur verið að tillögum um framkvæmd samþykktu fjórða þings KÍ um útgáfu- og kynningarmál og liggja þær fyrir ársfundinum. Elna Katrín Jónsdóttir og Ólafur Loftsson hafa í samráði við starfsmenn KÍ samið tillögur sem meðal annars gera ráð fyrir tveimur störfum á sviðum útgáfumála og kynningar- og fræðslumála. Lagðar eru til breytingar á útgáfu Skólavörðunnar, að tekin verði upp útgáfa rafræns, ritstýrðs fréttabréfs og að önnur útgáfa á vegum KÍ verði eflað. Að öðru leyti er vísað til tillagna sem liggja fyrir ársfundinum.

Samstarf um Netlu

KÍ er aðili að samstarfssamningi um Netlu – veftímarit um uppeldi og menntun, sem felur í sér aðild KÍ að ritstjórn tímaritsins. Stjórn KÍ hefur nú ákveðið að endurnýja samninginn fyrir sitt leyti. Fulltrúi KÍ í ritstjórn Netlu er Kristín Elfa Guðnadóttir.

KJARAMÁL

Kjararáð Kennarasambands Íslands hefur haldið fjóra fundi frá síðasta þingi fram í febrúar 2009. Að auki hafa fulltrúar í kjararáði setið fundi með stjórn KÍ þar sem fjallað er um kjaramál. Í kjararáði sitja auk formanns og varaformanns KÍ formenn félaga og einn fulltrúi frá hverju félagi. Að auki sitja í ráðinu tveir fulltrúar Félags kennara á eftirlaunum.

Kjararáð KÍ 2008 til 2011

Eiríkur Jónsson	KÍ
Elna Katrín Jónsdóttir	KÍ
Aðalheiður Steingrímsdóttir	FF
Ægir Sigurðsson	FF
Björg Bjarnadóttir	FL
Marta Sigurðardóttir	FL
Ólafur Loftsson	FG
Sigurjón Magnússon	FG
Sigrún Grendal	FT
Júlíana Rún Indriðadóttir	FT
Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson	SÍ
Unnar Þór Böðvarsson	SÍ
Guðmundur Guðlaugsson	FS
Stefán Andrússon	FS
Bryndís Steinþórsdóttir	FKE
Margrét Schram	FKE

Kjararáð hefur fengið nokkra utanaðkomandi aðila til að fjalla um mál sem tengjast réttindum og kjörum. Ólafur Darri Andrason kom á fund ráðsins og fjallaði um kjarasamninga á almennum markaði og ýmis mál sem þeim tengjast. Gylfi Arnbjörnsson kynnti Starfsendurhæfingarsjóð og Stefán Ólafsson formaður stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins kynnti samspil Starfsendurhæfingarsjóðs og Tryggingastofnunar. Auk þessa hefur kjararáð fjallað um ýmsa þætti er tengjast kjara- og réttindamálum félagsmanna.

Staðan í samningamálum félaganna – samflot á vinnumarkaði

Öll félög innan KÍ gerðu kjarasamninga á árinu 2008. Fyrsti samningurinn sem rennur út, nú í lok mars, er samningur vegna framhaldsskólans. Samningar vegna grunnskólans renna út í lok maí og samningar leik- og tónlistarskóla renna út í lok ágúst. Sú óvissa sem nú ríkir um efnahags- og kjaramál leiðir af sér að óljóst er með hvaða hætti kjarasamningar verða endurnýjaðir. Kennarasambandið hefur tekið þátt í samráði aðila vinnumarkaðarins undanfarna mánuði og mun gera það áfram. Hvort það samráð leiðir til þess að öll stéttarfélög á Íslandi semji á svipuðum nótum síðar á árinu verður að koma í ljós. Nú er ljóst að ASÍ og SA hafa frestað endurskoðun samninga fram í júní og líklegt að það hafi þau áhrif að önnur samtök launafólks bíði líka átektu þó að ákvörðun um það sé að sjálfsögðu í höndum hvers félags.

Ráðning hagfræðings KÍ

Mikil umræða hefur farið fram um nauðsyn þess að ráða hagfræðing til starfa á vegum KÍ. Eftir að Oddur S. Jakobsson hóf störf hjá Félagi framhaldsskólakennara hefur hann einnig tekið að sér ýmis hagfræðistörf fyrir KÍ og félögin og er nú í 10% starfi fyrir KÍ. Oddur hefur tekið þátt í fundahöldum með formanni og varaformanni KÍ um efnahagsástandið og kjaramálin í fundaröð sem nú er nýlokið. Stefnt er að því að ráða hagfræðing í fullt starf næsta sumar.

Efnahagsástandið, áhrif á KÍ

Þegar kreppan skall á af fullum þunga síðastliðið haust var ljóst að Kennarasambandið myndi tapa fjármunum líkt og aðrir sem eignir áttu í bönkunum. Þegar þetta er ritað er ekki ljóst hvert endanlegt tap Vinnudeilusjóðs verður en í því sambandi er vísað í reikninga sjóðsins. Félagssjóður og aðrir sjóðir KÍ og félaga voru hins vegar allir vistaðir á tryggðum reikningum þannig að þar var ekki um tap að ræðs vegna falls bankanna. Þrátt fyrir eitthvert tap KÍ í heild er ljóst að varfærin stefna í ávöxtunarmálum hefur leitt til þess að það er ekki eins mikið og annars hefði orðið. Ljóst er að margir hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna fjármálahrunsins, þar á meðal lífeyrissjóðir. Á ársfundinum verður sérstaklega farið yfir fjárhagslegt tap Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og áhrif þess á sjóðfélaga og vinnuveitendur.

Fundaröð KÍ í janúar og febrúar 2009

Í janúar og febrúar 2009 voru haldnir alls þrettán kynningarfundir fyrir félagsmenn KÍ vítt og breitt um landið undir yfirskriftinni Kennarinn og kreppan. Frummælendur voru Eiríkur Jónsson, Elna Katrín Jónsdóttir og Oddur S. Jakobsson. Á fundunum var farið yfir þátt Kennarasambandsins í samráði á vinnumarkaði, ýmsar staðreyndir um efnahags- og kjaramál ásamt því að kynna félagsmönnum ýmis réttindi sem gott er að hafa í huga þegar niðurskurðar er að vænta í skólakerfinu. Fundasókn var misjöfn eins og gengur en þó ágæt á mörgum stöðum. Það er von stjórnar að þessi nýbreytni í starfinu hafi mælst vel fyrir og sé upphafið á frekari fundahöldum meðal félagsmanna. Öll gögn sem kynnt voru á fundunum má finna á heimasíðu KÍ.

Viðbrögð KÍ við efnahagshruninu

Kennarasamband Íslands hefur eitt og sér og í samvinnu við aðra unnið að ýmsum verkefnum er tengjast viðbrögðum við efnahagshruninu. Fyrst ber að telja að stjórn KÍ ákvað að semja við tvo sálfræðinga um símaráðgjöf til félagsmanna. Hér er um nýjung að ræða sem reynd verður fram til páska. Þá má nefna samstarf um verkefni við menntamálaráðuneytið, menntavísindasvið HÍ, landlæknisembættið, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri. Þá er KÍ formlegur þátttakandi í velferðarvaktinni sem félagsmálaráðherra hefur nú komið á laggirnar. Í skipunarbréfi stýrihóps velferðarvaktarinnar kemur fram um hlutverk hennar:

„að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Hlutverk stýrihópsins er að stýra velferðarvaktinni og samhæfa upplýsingaöflun og tillögugerð“.

Málefni Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KÍ, BHM og BSRB

Málefni Fjölskyldu- og styrktarsjóðs hafa verið töluvert til umræðu en nú hefur verið ákveðið að gera þá breytingu á að umsýsla sjóðsins færist að öllu leyti til skrifstofu KÍ, einnig styrkir til félagsmanna í fæðingarorlofi. Reglur Sjúkrasjóðs KÍ hafa verið endurskoðaðar og felldar inn í þær reglur um greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi.

Starfsendurhæfingarsjóður

Kennarasamband Íslands hefur nú gerst aðili að svokölluðum Starfsendurhæfingarsjóði en meginhlutverk hans er að stuðla að aukinni og bættri starfsendurhæfingu og auðvelda fólki sem missir starfsorku að snúa aftur út á vinnumarkaðinn. Mikil vinna er eftir við að skipuleggja þjónustu sjóðsins og aðkomu KÍ að henni en hún verður unnin á næstu mánuðum.

Í stofnskrá sjóðsins segir um verkefni hans og hlutverk:

3. gr.

Verkefni og hlutverk

Fjármunum Starfsendurhæfingarsjóðs skal ráðstafað í eftirtalin verkefni hans og hlutverk:

- að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist,
- að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir, m.a. með samstarfi um forvarnir á vinnustöðum,
- að skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða eða fjölskyldu- og styrktarsjóða stéttarfélaganna og greiða kostnaðinn af störfum þeirra,
- að semja við fagaðila um ráðgjöf við einstaklinga um endurhæfingaráætlun og greiða kostnaðinn af þeirri ráðgjöf,
- að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu,
- að byggja starfsemi sína á samstarfi einstaklinganna sem í hlut eiga, fyrirtækjanna sem þeir vinna hjá, stéttarfélaganna, ráðgjafanna, fagaðila og heilbrigðisþjónustunnar,
- að vinna að gagnaöflun, rannsóknnum og þróun endurhæfingar og tryggja að framkvæmd þeirra verði sem árangursríkust,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem falla að markmiðum og hlutverki sjóðsins.

SKÓLAMÁL

Starfsemi KÍ á sviði skóla- og menntamála og starfsemi skólamálaráðs 2008-2009

Skólastefna og starfsáætlun í skóla- og menntamálum

Skólastefna KÍ og aðrar samþykktir þinga sambandsins sem snúa að skóla- og menntamálum eru meginleiðarvísir í starfsemi skólamálaráðs KÍ á hverjum tíma. Viðfangsefnin skiptast með eðlilegum hætti á milli skólamálanefnda og sameiginlegs vettvangs, þ.e. skólamálaráðs. Eftir

Þriðja þing KÍ árið 2005 setti framkvæmdastjórn skólamálaráðs sér leiðarljós í starfinu og vann að mörgum þeirra á síðasta kjörtímabili. Ný framkvæmdastjórn, sem kom saman í fyrsta skipti í ágúst 2008, telur flest þeirra enn vera í fullu gildi þar sem um langtímaverkefni er að ræða. Leiðarljósin eru þessi:

1. Gera skóla- og menntamál að meira áberandi þætti í starfsemi og ímynd KÍ, auka forystuhlutverk KÍ í skóla- og menntamálum (inn á við og út á við).
2. Auka frumkvæði KÍ í að taka málefni til sjálfstæðrar skoðunar og tjá álit á málum bæði inn á við og út á við.
3. Leita leiða til að tengja KÍ á markvissari hátt við breytinga- og þróunarstarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum, efla sameiginlega þekkingu á þessu sviði og miðla henni eftir föngum.
4. Koma á föstu samstarfi við fagfélög kennara.
5. Leita leiða til að tengja KÍ betur við háskóla og rannsóknir.
6. Auka þekkingu á Evrópumenntamálum og færni KÍ til þátttöku í slíkri umræðu Efla úrvinnslu efnis og miðlun þekkingar af vettvangi NLS, norrænu kennarasamtakanna.
7. Efla starf skólamálanefnda félaga og skólamálaráðs og vinna að því að ráðinu verði falin meiri ábyrgð á að vinna og koma fram fyrir hönd KÍ í skóla- og menntamálum.
8. Leita samstarfs við önnur samtök launamanna á sviði skóla- og menntamála.
9. Tengja saman málefnavinnu, funda- og ráðstefnuhald skólamálanefnda í „viðburðadagatali“ sem endurspeglar sameiginlega vinnu innan KÍ að skóla- og menntamálum.

Skólastefnan og aðrar samþykktir fjórða þings KÍ hafa verið gefnar út í bæklingi sem er einnig aðgengilegur á heimasíðu KÍ. Stjórn KÍ fjallaði vorið 2008 um framkvæmd skólastefnu sambandsins og vinnu á sviði skóla- og menntamála sem þá var framundan. Formaður skólamálaráðs lagði þar fram lista yfir verkefni sem eru og/eða verða í brennidepli á sviði skólamála hjá KÍ og félögum á kjörtímabilinu, samanber hér að neðan:

- Lög um menntun og skólastarf – hvernig höfum við áhrif?
- Starf með ýmsum aðilum innanlands í nefndum og ráðum og um þing og ráðstefnur um skóla- og menntamál og um kennaramenntun.
- Tengsl við rannsóknir og fræðastarf.
- Símenntun félagsmanna KÍ - á að móta sameiginlega stefnu?
- Evrópumenntamál.

Stjórn KÍ gerði einnig sérstaka samþykkt í september 2008 um framkvæmd stefnu KÍ um kennaramenntun, símenntun, þróunarstarf og rannsóknir sem ennfremur birtir áform sambandsins um að leita eftir föstu samstarfi við kennaramenntunarstofnanir um kennaramenntun og kennarastarfið. Meðal annars á grundvelli þeirrar samþykktar hefur KÍ tekið þátt í starfi nefndar HÍ/Menntavísindasviðs um inntak fimm ára kennaramenntunar og unnið að gerð samstarfssamnings við skólann um að setja á fót samstarfsnefnd þessara aðila.

Skólamálaráð KÍ, framkvæmdastjórn skólamálaráðs

Hlutverk skólamálaráðs Kennarasambands Íslands er skilgreint í 30. grein laga sambandsins en hlutverk skólamálanefnda aðildarfélaga í 29. grein. Skólamálanefndir mynda allar saman skólamálaráð. Formaður skólamálaráðs sem skipaður er af stjórn KÍ og formenn skólamálanefnda aðildarfélaga mynda framkvæmdastjórn skólamálaráðs.

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs 2008-2011 skipa:

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður KÍ, formaður.

Anna María Gunnarsdóttir, skólamálanefnd FF, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

Dagbjört Ásgeirsdóttir, skólamálanefnd FL, Krílakot, Dalvík.

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólamálanefnd SÍ, Ingunnarskóli, Reykjavík.

Kristín Jónsdóttir, skólamálanefnd FG, Breiðholtsskóli, Reykjavík..

Steinunn Inga Óttarsdóttir, FS, Menntaskólinn í Kópavogi.

FT hefur ekki skipað fulltrúa í skólamálanefnd en formaður FT, Sigrún Grendal, er tengiliður við framkvæmdastjórn skólamálaráðs. Formaður skólamálaráðs fer með yfirumsjón skóla- og menntamála af hálfu KÍ auk annarra viðfangsefna á félags- og kjarasviði.

Fundir og viðfangsefni 2008-2009

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs heldur fundi mánaðarlega og fjallar þar um fyrirbyggjandi erindi og um mál samkvæmt skólastefnu og starfsáætlun. Átta fundir hafa verið haldnir það sem af er starfstímabilinu 2008-2011. Helstu mál sem fjallað hefur verið um eru yfirferð og útgáfa skólastefnu fjórða þings og annarra samþykka þingsins um skólamál, stefnumótun um forgangsmál í starfi skólamálaráðs 2008-2011, framkvæmd nýrra laga um skólastigin og framkvæmd nýrra laga um kennaramenntun, starf nefndar HÍ/Menntavísindasviðs um inntak nýrrar kennaramenntunar, málefni símenntunar félagsmanna KÍ, árlegt rannsóknamálfing HÍ/Menntavísindasviðs *Listin að læra* 23.-24. október 2008, málfing FG og FL *Að vita meira og meira* 19. september 2008, mótun samstarfsvettvangs KÍ og HÍ, Evrópumenntamál og fundir á vettvangi EI/ETUCE, skólamálaumræða af vettvangi NLS, starfsemi skólamálanefnda aðildarfélaga KÍ, fundur um rafræn einstaklingsmiðuð könnunarpróf hjá Námsmatsstofnun og undirbúningur ársfundar KÍ og skólamálaráðs.

Lög og reglugerðir

Vorið 2008 voru samþykkt frá Alþingi ný lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um kennaramenntun oft nefnd menntalögin öll til samans. Aðdragandi laganna tengist náið vinnu að svokölluðu tíu skrefa samkomulagi KÍ og menntamálaráðherra frá árinu 2006 og víðtækri málefnavinnu á tímabilinu frá 2006-2008. Þeim undanfara voru gerð skil í skýrslu til fjórða þings KÍ og ekki nánar farið út í hann hér. Í tengslum við lögin þarf að semja og gefa út fjölda reglugerða, semja námskrár og vinna ýmislega skipulags- og þróunarvinnu sem er á ábyrgð menntamálaráðuneytis. Stjórn KÍ sendi menntamálaráðherra bréf síðastliðið sumar og óskaði eftir að fá að taka þátt í þessari vinnu með því að samráð yrði haft við sambandið og aðildarfélög þess. Á það var ekki fallist og lá samstarf að mestu niðri næstu mánuðina. Formlegt samstarf hefur síðan komist á í þeim skilningi að KÍ/aðildarfélög fá að gera athugasemdir við reglugerðardrög sem samin hafa verið og ennfremur veitir menntamálaráðuneytið KÍ upplýsingar um vinnu sína að námskrármálum og öðru sem snýr að framkvæmd laganna á sérstökum fundum sem það efnir til með forystu KÍ.

Ný lög um skólastigin og framkvæmd þeirra

FG og SÍ fá til umsagnar reglugerðardrög við einstakar greinar grunnskólalaga, FL um reglugerðarsmið vegna leikskólalaga og FF og FS vegna framhaldsskólalaga en við síðast-

töldu lögin þarf að semja langflestar reglugerðir auk þess sem mun róttækari breytingar eru þar á döfinni á innra starfi, meðal annars á námskráritun og skipulagi náms og námsbrauta.

Nokkur atriði í lögum um skólastigin eiga efnislega og/eða framkvæmdarlega við fleiri en eitt skólastig og er þá fjallað sameiginlega um reglugerðardrög þar að lútandi. Dæmi um slíkt er reglugerð um sprotasjóð, um sérfræðiþjónustu og um innritun í framhaldsskóla.

Ný lög um kennaramenntun og framkvæmd þeirra

Samkvæmt nýjum lögum um lengri og breytta kennaramenntun og um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara og -skólastjóra til samræmis við hin skólastigin hefur verið sett reglugerð um störf matsnefndar skv. 7. gr. laganna og reglugerð um inntak kennaramenntunar skv. 8. gr. laganna er væntanleg. Matsnefnd skv. nýju lögum tók til starfa sl. haust en hún fjallar um umsóknir um leyfisbréf á skólastigunum þremur. KÍ á tvo fulltrúa í nefndinni, SÍS einn og háskólastigið einn en menntamálaráðuneytið leggur til formann. Reglugerðar um inntak kennaramenntunar hefur verið beðið með nokkurri óþreyju enda erfitt að skipuleggja nýja kennaramenntun án stoðar í henni.

Að öðru leyti stýrir varaformaður KÍ umfjöllun og gerð umsagna um lög og reglugerðir sem mikilvægt er talið að KÍ taki þátt í umræðu og stefnumótun um, ýmist eitt og sér eða í samráði við önnur samtök.

Samstarf við HÍ/Menntavísindasvið um nýja kennaramenntun

Nefnd sem stofnuð var af háskólaráði KHÍ á sínum tíma en yfirtekin af HÍ /Menntavísindasviði eftir sameiningu HÍ og KHÍ tók til starfa vorið 2008. KÍ átti þar einn fulltrúa og SÍS annan en aðrir fulltrúar komu úr HÍ, sem og formaður nefndarinnar. Hlutverk hennar var að setja fram tillögur um inntak og áherslur í fimm ára samfelldu kennaranámi fyrir leik- grunn- og framhaldsskólakennara. Tilfnið var sú fyrirætlan stjórnvalda að lengja kennaranám í fimm ár og krefjast meistaraprófs til kennsluréttinda á öllum skólastigum. Nefndin hefur lokið störfum og skilað skýrslu til stjórnar Menntavísindasviðs HÍ. Eftirfarandi er samantekt á megintillögum nefndarinnar.

Starfshópurinn leggur til að:

- Kennaranám við Menntavísindasvið (fyrir kennara í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum) verði áfram skilgreint sem rannsóknartengt starfsnám þar sem leitast er við að tengja rannsóknir og starf á vettvangi í gegnum allt námið.
- Skilgreind verði hæfniviðmið sem litið verði á sem almenn leiðarljós í kennaramenntun. Þau feli í sér þekkingu og færni til að skipuleggja kennslu sem hæfir ólíkum nemendum, rannsaka eigið starf, eiga samskipti við ólíka aðila, vinna með samskipti, leggja rækt við jákvæð viðhorf og mikilvæg gildi og vera leiðtogar á sviði kennslu og skólastarfs.
- Vægi vettvangsnáms í kennaranámi verði aukið þannig að kennaranemi verði ekki skemur en 20% námstímans á vettvangi .
- Þættir eins og samskipti og samstarf, foreldrasamstarf, agi og bekkjarstjórnun, skólaþróun og leiðtogahlutverk kennara, kennsla barna með sérþarfir og skóli án aðgreiningar, fjölmeningarkennsla, barnavernd og jafnrétti fái aukið vægi kennaranámi á öllum skólastigum.
- Þræðir sem nú þegar eru skilgreindir í kennaramenntun verði endurskilgreindir þannig að þeir endurspegli m.a. áherslu á gildismat, samstarf og teymisvinnu.

- Verðandi kennarar á öllum skólastigum hafi tækifæri til að sérhæfa sig á tilteknum sviðum skólstarfs sem tengjast ekki beint kennslugrein.
- Skilgreind verði leið til kennsluréttinda í leikskóla fyrir fólk sem hefur tekið B.S. gráðu eða B.A. gráðu í grein sem tengist einhverju af námssviðum.
- Skapaður verði vettvangur fyrir reglubundið samráð við hagsmunaaðila utan háskólans.
- Nemendum á leikskólabraut og á kjörsviði yngstu barna í grunnskóla gefist kostur á að velja leið sem veitir kennsluréttindi á báðum skólastigum.

Starfshópurinn áréttar að auki:

- Mikilvægi þess að formlegt samstarf sé milli einstakra fræðasviða háskólans og viðkomandi kjörsviða / kennslugreina í samræmi við tillögur verkefnishóps þar um.
- Að því verði beint til skólayfirvalda (sveitarfélaga og ráðuneytis) að markvisst verði unnið að stuðningi við kennara á fyrsta starfsári (fyrstu starfsárum).

Útgáfa efnis um skóla- og menntamál

Síðastliðið haust gaf KÍ út bækling með samantekt um helstu atriði menntalaganna er nefnist *Fróðleiksmolar um efni nýrra laga* og er hann einnig birtur á heimasíðu KÍ. Skólastefna KÍ var gefin út með hefðbundnum hætti eftir fjórða þing KÍ og inniheldur ritið, auk skólastefnunnar, skólamálasamþykkt þingsins og aðrar samþykktir um málaflokkinn.

Kennaramenntun, símenntun

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs hefur staðið fyrir vinnu við að draga saman efni um símenntun félagsmanna KÍ í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Leitað er svara við nokkrum grundvallarspurningum um aðgang að símenntun, framboð, fjárveitingar og fyrirkomulag þeirra og þátttöku/ekki þátttöku félagsmanna KÍ og/eða samtaka þeirra í stefnumótun um símenntun. Þessi vinna er langt komin og mun tengjast samstarfi KÍ við HÍ/Menntavísindasvið og ef til vill fleiri kennaramenntunarstofnanir. Hið síðasttalda byggir meðal annars á sjónarmiðum KÍ um að brýnt sé að skilgreina stefnu og framkvæmd um kennaramenntun víðar en gert hefur verið og fjalla heildstætt um grunnmenntun, símenntun, þróunarstarf og rannsóknir, samanber einnig samþykkt KÍ um framkvæmd stefnu sambandsins um kennaramenntun frá hausti 2008. Tildrög þessa verkefnis eru að mikil umræða fer fram bæði innanlands og utan um þýðingu símenntunar fyrir kennara og aðrar fagstéttir og um samhengi hennar við grunn- og framhaldsmenntun, starfsþróun og rannsóknir. Mörg Evrópulönd standa sig frekar illa hvað varðar fjármögnun til símenntunar kennara og er Ísland þar fráleitt undanskilið. Benda má til dæmis á litla aukningu fjármuna á fjárlögum til símenntunar grunnskólakennara, litla hlutfallslega fjölgun launaðra námsorlofa grunn- og framhaldsskólakennara, þá staðreynd að kennarar eiga ekki skýran rétt til launaðs námsorlofs og síðast en ekki síst að stefnumótun um málaflokkinn er margskipt, dreifð og óljós þegar verst lætur. Lítil yfirsýn er því yfir málefnið og er það til boga að mati KÍ.

Samkomulag um samstarfsnefnd KÍ og HÍ/Menntavísindasviðs

Á fundi stjórnenda KÍ og HÍ/Menntavísindasviðs í nóvember 2008 var ákveðið að hefja vinnu við mótun samstarfsvettvangs aðila um kennaramenntun og kennarastarfið. Sú vinna er á

lokastigi og hafa báðir aðilar samþykkt tillögu um stofnun samstarfsnefndar og að tilnefna hvor um sig þrjú fulltrúa í nefndina. Hlutverk og verksvið hennar er í meginatriðum:

1. Að efla kennaramenntun og kennarastarf.
2. Að taka þátt í stefnumótun um kennaramenntun á hverjum tíma, ræða m.a. um breytingar á lögum og reglugerðum um kennaramenntun og skyld mál, fjalla um skipulag og úrbætur og eiga frumkvæði að umræðu um nýjungar.
3. Að tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga milli félagsmanna KÍ og menntastofnana félagsmanna og sinna fræðslu- og kynningarverkefnum er þessu tengjast.

Nefndin komi saman eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skipta má verkefnum nefndarinnar í þrjú svið, stefnumótun og þróun, reglubundnir fundir forystumanna og kynningar og fræðslumál

Erlent samstarf um menntamál

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs fylgist með þátttöku KÍ í norrænu samstarfi, einkum starfi NLS. Sérstök málefni eða áherslur úr NLS starfinu eru tekin upp á fundum, meðal annars til þess að ýta undir eðlileg áhrif samnorrænnar skólamálaumræðu á stefnumörkun og vinnu KÍ í skólamálum. Alla jafna eru haldnir tveir fundir á ári í hverri deild í NLS og tveir stjórnarfundir og reglubundið er efnt til námskeiða á vegum samtakanna um fagleg málefni. Norræn kennarafélög í NLS samræma auk þess oft stefnu sína og framgöngu á vettvangi Evrópusamstarfs kennarasamtaka.

Fjallað er um Evrópumenntamál, meðal annars um Lissabon áætlunina, Bologna ferlið og Evrópuáætlun í menntamálum til 2010 eftir því sem tilefni gefast. Framkvæmdastjórnin reynir að fylgjast með völdum málum af vettvangi Education International og ETUCE og skrifar formaður skólamálaráðs af hálfu KÍ ýmsar greinargerðir til samtakanna og sér um þátttöku sambandsins í erlendum könnunum, ýmist einn eða í samstarfi við aðra. Formaður skólamálaráðs er fulltrúi KÍ á samráðsvettvangi ETUCE og EI sem kallast Pan-European Structure og heldur fundi tvisvar á ári í Luxemburg og gerir skýrslur um þá til stjórnar KÍ og framkvæmdastjórnar skólamálaráðs.

Evrópskar/alþjóðlegar kannanir og rannsóknir á borð við Pisa rannsóknina á stöðu og færni nemenda á tilteknum sviðum og Talis rannsóknina á starfi og viðhorfum kennara í grunnskólum sem nú stendur yfir koma inn á borð framkvæmdastjórnar skólamálaráðs. KÍ tekur um þessar mundir þátt í ráðgjafarhópi um síðartöldu rannsóknina. Niðurstaðna úr henni er að vænta í sumarbyrjun.

Frá þingkjörnum nefndum og ráðum

Orlofssjóður KÍ

Formaður:

Valgeir Gestsson

Aðalmenn:

Gunnlaugur Ástgeirsson, varaformaður

Ásdís Ólafsdóttir

Elís Þór Sigurðsson
Guðmundur Björgvin Gylfason
Inga Líndal Finnbogadóttir
Reynir Daníel Gunnarsson

Varamenn:

Anna Jóna Guðmundsdóttir
Eiríka Ólafsdóttir
Sigurður Halldór Jesson

Á fyrsta fundi stjórnar var Gunnlaugur Ástgeirsson kosinn varaformaður og Inga Líndal Finnbogadóttir ritari. Einnig var kosin framkvæmdastjórn en hana skipa: Valgeir Gestsson, Elís Þór Sigurðsson og Gunnlaugur Ástgeirsson.

Stjórnarfundir á kjörtímabilinu eru orðnir ellefu en fundir framkvæmdastjórnar tuttugu.

Starfsmenn Orlofssjóðs:

Hanna Dóra Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Orlofssjóðs	(starfshlutfall 100%)
Ragnheiður Ármannsdóttir, skrifstofa Orlofssjóðs	(starfshlutfall 50%)
Valgeir Gestsson, formaður Orlofssjóðs, skrifstofa	(starfshlutfall 25%)
Sigrún Halla Runólfsson, umsjónarmaður á Sóleyjargötu	(starfshlutfall 100%)
Ólafur Ómar Hlöðversson, umsjónarmaður í Ásabyggð	(starfshlutfall 100%)
Sólveig Hallgrímsdóttir, starfsmaður í Ásabyggð	(starfshlutfall 100%)
Karen Grétarsdóttir, umsjónarmaður í Kjarnabyggð	(starfshlutfall 30%)

Helstu verkefni stjórnar Orlofssjóðs 2008-2011

- Haldið verði áfram að endurnýja orlofshús í Ásabyggð, 2-4 hús á kjörtímabilinu.
- Keypt verði orlofshús ef góð tækifæri bjóðast á kjörtímabilinu.
- Boðið verði upp á orlofshús og íbúðir víðs vegar um landið og erlendis til endurleigu fyrir félagsmenn.
- Haldið verði áfram að greiða niður gistingu á hótelum, gistiheimilum og tjaldstæðum með afsláttarmiðum.
- Áfram verði aukið við fjölbreytni orlofstilboða bæði innanlands og utan, til dæmis með fjölbreyttum samningum við ferðapjónustuaðila.
- Ávallt skal leitast við að gæta hagsýni í rekstri Orlofssjóðs, t.d. með því að leita tilboða í stærri verkefni.
Jafnframt skal skoðuð hagkvæmni þess að fjölga stöðugildum eða samnýta starfsmenn á skrifstofu KÍ.
- Haldið verði áfram með kynningu á orlofsmálum meðal félagsmanna, svo sem á haustþingum, með samskiptum við trúnaðarmenn og á fundum svæðafélaga.
- Kynning á orlofsmálum meðal félagsmanna verður með eftirfarandi hætti:
 - með samskiptum við trúnaðarmenn
 - á fundum svæðafélaga

- með kynningarefni á tölvutæku formi
- í ferðablaði Orlofssjóðs

Eignir Orlofssjóðs KÍ eru:

Ásabyggð, þrettán orlofshús byggð 1986-1989

Endurnýjun orlofshúsa í Ásabyggð er hafin. Árið 2007 voru tvö hús endurnýjuð og 2009 er verið að endurnýja eitt hús. Nýju húsin eru á steiptum grunni og eru 75m² í stað 53m² sem gömlu húsin eru. Mjög góð nýting er yfir sumartímann og um helgar yfir veturinn. Heildarnýting alla daga ársins 2008 var 53%.

Heiðarbyggð, þrettán orlofshús

Árið 2002 voru sex 87m² hús tekin í notkun. Ákveðið var 2005 að byggja sex 97m² hús til viðbótar þar sem mikil ánægja var með nýju húsin. Seinni hluta ársins 2008 voru þrjú þeirra tekin í notkun og í febrúar 2009 seinni þrjú. Vorið 2008 var keypt orlofshús af SKB í Heiðarbyggð. Það er er 67 m² með 29 m² gestahúsi, gisting er fyrir níu manns. Við húsið er 70m² stór pallur með heitum potti og stór og góður leikvöllur. Húsið fellur mjög vel að öðrum eignum Orlofssjóðs í Heiðarbyggð. Mjög góð nýting er bæði yfir sumartímann og veturinn í Heiðarbyggð. Heildarnýting alla daga ársins 2008 var 59%.

Fundasalur í Heiðarbyggð

Unnið er við að innrétta fundasal í Heiðarbyggð og verður þeim framkvæmdum lokið fyrir hluta þessa árs.

Kjarnaskógur, fjögur orlofshús

Orlofssjóður á fjögur hús í Kjarnaskógi. Þau eru tvenns konar, annars vegar eldri húsin sem eru númer 4 og 12 og eru 55m² með þrem svefnherbergjum og svefnplássi fyrir sex. Og svo nýrri húsin sem eru númer 5 og 7 og eru 70m² með þrem svefnherbergjum og svefnplássi fyrir átta. Heildarnýting árið 2008 var 65% sem er besta nýtingin í orlofsbústöðum Orlofssjóðs KÍ.

Sóleyjargata 33, fjórar íbúðir og fimm herbergi

Mikil eftirspurn hefur verið eftir leigu á Sóleyjargötunni. Góð nýting hefur verið á húsinu, hún var 81% alla daga ársins 2008 og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Sóleyjargata 25, sex íbúðir

Í orlofshúsinu eru sex íbúðir frá 34-63m². Góð nýting hefur verið á húsinu, hún var 80% alla daga ársins 2008 og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Önnur leiga

Sumarleiga / endurleiguhús

Sumarið 2009 verða 143 orlofshús / leiguingar í boði á 102 stöðum víðsvegar um landið. Alls verða 1.500 leiguvikur í boði frá 30/5 – 29/8. Leigunni er skipt í vikuleigu sem er nú í punktastýrðri úthlutun og flakkaraleigu sem hefst 1. maí. Á síðastliðnu ári var 98 % nýting á vikuleigu húsum og 77% nýting alla daga sumarsins á flakkarahúsum. Stjórn Orlofssjóðs ákvað að bæta verulega við innlendum orlofstilboðum fyrir árið 2009 og verða 23 fleiri leigustaðir í boði nú í sumar en í fyrra.

Á hverju ári hefur Orlofssjóður gefið út ferðablað þar sem kynnt eru öll þau tilboð sem eru í gangi hverju sinni. Þá eru einnig öll ferðatilboð Orlofssjóðs kynnt jafnóðum á heimasíðu sjóðsins.

Hótelmiðar

Orlofssjóður býður félagsmönnum afsláttarmiða á Hótel Eddu, Foss hótelin og fleiri hótél. Orlofssjóður niðurgreiðir þessa gistingu. Alls voru 930 hótelmiðar seldir í fyrrasumar.

Íbúð í Kaupmannahöfn

Í fyrra var tekin ákvörðun um að leigja íbúð í Kaupmannahöfn. Hún er á Flensborggade 39 sem er á Vesterbro í Kaupmannahöfn. Í íbúðinni eru tvö mjög rúmgóð svefnherbergi og ein stofa sem einnig er mjög rúmgóð. Mikil ánægja er með íbúðina og mjög góð nýting á henni. Íbúðin verður í punktastýrðri úthlutun.

Orlofsvefurinn

Á orlofsvefnum geta félagsmenn pantað og skoðað punktastöðu. Bókunum á vefnum hefur fjölgað verulega og fóru 85% bókana fram þar 2008. Í fyrra voru 5.100 bókanir á leiguhús og 3.170 bókanir á afsláttarávísanir eða alls 8.270 bókanir.

Önnur verkefni

Orlofssjóður gerir samninga við fjölda ferðaþjónustuaðila í sumar.

Verða alls nýu gönguferðir og hestaferð niðurgreiddar í sumar fyrir alls 250 félagsmenn.

Boðið verður upp á afsláttarmiða fyrir tjaldvagna. Einnig verða í boði afsláttarmiðar í sumarferðir með Ferðaskrifstofu Íslands og í flugferðir á áfangastaði Iceland Express.

Í fyrra voru 1000 afsláttarmiðar seldir með Iceland Express og 350 afsláttarmiðar með Ferðaskrifstofu Íslands.

Sjúkrasjóður KÍ - skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins tímabilið apríl 2008 til febrúar 2009

Sjúkrasjóður KÍ var stofnaður á stofnþingi KÍ 1999 og honum markaður tekjustofn með samningum KÍ við ríki og sveitarfélög í nóvember 2000. Vinnuveitendur hafa greitt í sjóðinn frá ársbyrjun 2001 en úthlutanir hófust 1. nóvember 2001. Úthlutað er í hverjum mánuði.

Tilgangur sjóðsins er:

- að veita félagsmönnum í Kennarasambandi Íslands fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla, einnig vegna örorku,
- að styðja félagsmenn vegna endurhæfingar eftir slysa eða sjúkdóma,
- að styðja félagsmenn í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Á þingi KÍ 2008 var Kristín Stefánsdóttir (FT) kjörin formaður Sjúkrasjóðs og eftirtaldir kjörnir í stjórn sjóðsins: Eyþór Benediktsson (SÍ), Heiða Björk Rúnarsdóttir (FL), Margrét Guðbrandsdóttir (FG) og Toby Sigrún Herman (FF). Varafulltrúar voru kjörnir: Árdís Jónsdóttir (FG), Elísabet Siemsen (FS), Ingibergur Elíasson (FF), Kristín Jónsdóttir (FG) og Soffía Þorsteinsdóttir (FL).

María Norðdahl og Sigrún Harðardóttir, fulltrúar sjóða KÍ, sinna sem áður verkefnum fyrir Sjúkrasjóð sem og Ásta S. Eiríksdóttir gjaldkeri sjóða KÍ.

Fundir í stjórn Sjúkrasjóðs eru haldnir í lok hvers mánaðar og eru þá teknar til afgreiðslu umsóknir um sjúkradagpeninga og umsóknir skv. 6. gr. úthlutunarreglna sem og aðrar umsóknir sem nauðsynlegt er að stjórn fjalli um. Enn fremur staðfestir stjórnin afgreiðslu starfsmanna á umsóknum sem falla að reglum sjóðsins. Stjórn og starfsmenn fylgjast reglulega með breytingum á úthlutunarreglum annarra sjúkrasjóða og hefur samstarf við starfsmenn þeirra verið gott.

Tekjur, úthlutanir og ný verkefni

Frá árinu 2006 hafa árlegar úthlutanir úr Sjúkrasjóði verið umfram tekjur og óhjákvæmilegt að bregðast við því á liðnu ári með því að þrengja úthlutunarreglur, síðast um áramótin 2008–2009 þegar felldir voru niður styrkir vegna tannlæknakostnaðar. Standa vonir til að þessar ráðstafanir dugi til að ná endum saman, ásamt því að tekjur sjóðsins hafa aukist með hækkun á framlagi til Sjúkrasjóðs í kjarasamningum annarra aðildarfélaganna KÍ en FG og SÍ. Frá 1. janúar 2009 nemur framlag í Sjúkrasjóð KÍ 0,75% af heildarlaunum félagsmanna í framangreindum félögum en er 0,55% vegna félagsmanna FG og SÍ.

Fæðingarstyrkir

Í ársbyrjun 2009 tók Sjúkrasjóður KÍ við því hlutverki Fjölskyldu- og styrktarsjóðs að greiða fæðingarstyrki til félagsmanna. Hefur sjóðstjórn mótað reglur um fæðingarstyrki með það m.a. að markmiði að einfalda afgreiðslu þeirra frá því sem var hjá FOS. Styrkupp hæð var ákveðin 200.000 krónur (125.600 kr. eftir skatt) miðað við fullt starf sex mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma. Skilyrði er að sjóðfélagi/félagsmaður fari með forsjá barnsins og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Vegna fjölburafæðinga eru greiddar 70.000 krónur fyrir hvert barn umfram eitt. Um ættleiðingar gilda sömu reglur. Séu báðir foreldrar félagsmenn geta báðir sótt um fæðingarstyrk

Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var upphaflega komið á fót af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Í janúar 2009 var síðan undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarfélaganna og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. Sjóðurinn byggist á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar í kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 2008. Stefnt er að því að í heild verði ráðstafað 0,39% af launum til Starfsendurhæfingarsjóðs. Í fyrsta áfanga greiða atvinnurekendur 0,13% af öllum launum og í öðrum áfanga sem hefst á árinu 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi til sömu upphæð og launagreiðendur. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 er stefnt að því að lífeyrissjóðir komi inn með sama framlag og launagreiðendur.

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Meginverkefni sjóðsins er að skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa sem starfa aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og munu aðstoða einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda. Sjóðurinn greiðir kostnað af störfum ráðgjafanna ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veita þeim faglegan

stuðning. Sérstök áhersla er lögð á að grípa fljótt inn í með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur. Einnig mun Starfsendurhæfingarsjóður greiða ráðgjafarkostnað ýmissa fagaðila við að móta sérstaka einstaklingsbundna endurhæfingar-áætlun svo og kostnað við úrræði og endurhæfingu með áherslu á að auka vinnugetu, til viðbótar því sem almenn heilbrigðisþjónusta í landinu veitir.

Bókanir um Starfsendurhæfingarsjóð fylgdu gildandi kjarasamningum FF, FT og FL og er undirbúningur að fyrirkomulagi starfsendurhæfingar fyrir félagsmenn KÍ að hefjast, enda þótt ákvæði um sjóðinn vanti enn í kjarasamninga kennara og stjórnenda í grunnskólum. Að þessum undirbúningi verður unnið í samstarfi Sjúkrasjóðs KÍ, forystu KÍ og Starfsendurhæfingarsjóðs. Vætanlega verður einnig haft samstarf við BHÍ og jafnvel Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á vefsíðunni www.virk.is

Úthlutunarreglur og eyðublöð

Eyðublöð styrkumsókna eru þrenns konar: Umsókn um sjúkradagpeninga, umsókn um styrk úr Sjúkrasjóði KÍ og umsókn um dánarbætur. Auk þess eru sérstök umsóknareyðublöð vegna fæðingarstyrkja. Eyðublöðin eru á vefsíðu KÍ og þau má einnig nálgast á skrifstofu KÍ og hjá trúnaðarmönnum.

Í samræmi við reglur Sjúkrasjóðs KÍ hafa breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins verið kynntar í Skólavörðunni og birtar á vef Kennarasambandsins auk þess sem trúnaðarmönnum KÍ hafa verið sendar upplýsingar þegar úthlutunarreglum hefur verið breytt. Starfsemi og úthlutunarreglur sjóðsins hafa verið kynntar innan aðildarfélaga KÍ þegar þess hefur verið óskað, m.a. á trúnaðarmannanámskeiðum.

Lokaorð

Í þeirri stöðu að þurfa að þrengja úthlutunarreglur hefur stjórn Sjúkrasjóðs KÍ haft að leiðarljósi að sjóðurinn aðstoði þá sem brýnast þurfa. Greiðslur sjúkradagpeninga eru sem áður umfangsmesti útgjaldaliðurinn en of skammt er liðið frá síðustu breytingum á úthlutunarreglum til að unnt sé að greina að fullu áhrif þeirra á fjárhag sjóðsins. Sömuleiðis er enn of snemmt að meta hvort áætlanir um útgjöld vegna fæðingarstyrkja reynast raunhæfar. Aukin framlög í sjóðinn munu án efa verða til þess að hann getur betur sinnt hlutverki sínu.

Á undanförunum mánuðum hafa meiri breytingar en nokkru sinni áður orðið á starfsemi Sjúkrasjóðs KÍ og framundan er spennandi vinna við mótun starfsendurhæfingar fyrir kennara sem vonandi mun stuðla að því að þeim kennurum fækki sem þurfa að hverfa af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.

Vinnudeilusjóður KÍ – skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins tímabilið apríl 2008 til febrúar 2009

Reglum Vinnudeilusjóðs breytt

Á fjórða þingi KÍ í apríl 2008 var reglum um Vinnudeilusjóð KÍ breytt þannig:

2. gr. Um heimild til þátttöku í lögfræðikostnaði bættist ... Sjóðnum er heimilt að taka þátt í lögfræðikostnaði sem hlýst af ágreiningi um túlkun og framkvæmd kjarasamninga eða um sérkjör

félagsmanna skv. reglum sem sjóðstjórn setur. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu stjórnar KÍ. 4. gr. Aftan við greinina bættist: ... Ef formaður lætur af störfum á kjörtímabilinu skipar stjórn KÍ nýjan formann.

Stjórn

Á fjórða þingi KÍ í apríl 2008 var Guðni S. Óskarsson kosinn formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ og aðalmenn þau Brynja D. Matthíasdóttir, Elín Mjöll Jónasdóttir, Guðjón S. Þorláksson og Ingibergur Elíasson.

Í varastjórn voru kosin: Björgvin R. Leifsson, Guðrún Á. Guðmundsdóttir, Kristín Kolbeinsdóttir, Sturla D. Þorsteinsson og Særún Ármannsdóttir.

Helstu ákvarðanir stjórnar á tímabilinu

Starfsmaður

Valgeir Gestsson var ráðinn áfram starfsmaður Vinnudeilusjóðs. Starfið er miðað við 30 dagvinnustundir á mánuði við bókhald og daglegan rekstur sjóðsins.

Greiðslur vegna kjarasamninga aðildarfélaga KÍ 2008

Aðildarfélög KÍ áttu öll í kjaraviðræðum á árinu og tók Vinnudeilusjóður þátt í kostnaði félaganna vegna samningaviðræðna og gerð kjarasamninga samkvæmt eftirfarandi:

Í reglum fyrir Vinnudeilusjóð Kennarasambands Íslands, gr. 2, segir m.a.: „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn þegar þeir eiga í vinnudeilu og greiða kostnað við vinnudeilur...”

Með vísan í þessa grein samþykkir stjórn Vinnudeilusjóðs eftirfarandi reglur um greiðslu kostnaðar úr sjóðnum vegna samningaviðræðna og gerð kjarasamninga 2008:

1. Kynningarstörf og fundir.

Aðildarfélög KÍ fá greiðslur til ráðstöfunar vegna kynningarstarfs og funda vegna kjarasamninga 2008. Hvert félag fær úthlutað 150 þúsund krónum í upphafsgjald og síðan 375 kr. á hvern félagsmann miðað við fjölda félagsmanna á félagaskrá miðað við 1. mars 2008.

2. Kjörgögn og atkvæðagreiðslur.

Vinnudeilusjóður greiðir kostnað við atkvæðagreiðslur um boðun verkfalls og gerð kjarasamninga, hvort sem er póst- eða rafrænar atkvæðagreiðslur. Greiðslur ná til kostnaðar vegna prentunar, pökkunar og sendingar kjörgagna og kostnað við talningu atkvæða.

3. Kostnaður við samninganefndir.

Vinnudeilusjóður greiðir nefndalaun samninga- og viðræðunefnda frá því að reglulegar samningaviðræður hefjast eftir gerð viðræðuáætlunar. Greitt er samkvæmt viðmiðunarreglum sem settar eru í samráði við félögin. Þar kemur fram fyrir hvaða fundi og nefndarmenn sjóðurinn greiðir. Greitt er samkvæmt texta og reglum sem gilda fyrir nefndastörf á vegum KÍ og aðildarfélaga þess.

Ferðakostnaður viðræðunefndarmanna er greiddur samkvæmt viðmiðunarreglum KÍ. Fundakostnaður er greiddur samkvæmt reikningum samþykktum af fulltrúa Vinnudeilusjóðs.

Starfsmenn Kennarasambands Íslands og aðildarfélaga fá aðeins greitt fyrir þann tíma sem liggur utan skilgreinds vinnutíma þeirra hjá KÍ eða aðildarfélagi.

Heildarkostnaður Vinnudeilusjóðs vegna kjarasamninga árið 2008 var kr. 8.800.000.

Hlutdeild í lögfræðikostnaði KÍ 2008

Frá 2002 hefur Vinnudeilusjóður greitt hluta af lögfræðikostnaði KÍ. Stjórn KÍ fór fram á það í bréfi til stjórnar Vinnudeilusjóðs 18. nóvember 2008 að sjóðurinn greiddi helming launakostnaðar lögfræðings sem nú starfar fyrir KÍ. Stjórn Vinnudeilusjóðs taldi heppilegra að greiða ákveðna upphæð án tillits til launakostnaðar lögmanns KÍ.

Stjórn Vinnudeilusjóðs samþykkti eftirfarandi, samhljóða, á fundi 11. febrúar 2009:

Samkvæmt heimild í 2. gr. í reglum fyrir Vinnudeilusjóð KÍ og með hliðsjón af viðmiðunarreglum Vinnudeilusjóðs KÍ um greiðslu lögfræðikostnaðar samþykkir stjórn sjóðsins að taka þátt í lögfræðikostnaði KÍ 2008 sem nemur kr. 3.000.000.

Með þessu leggur stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ áherslu á mikilvægi þess að félagsmenn KÍ njóti stuðnings í kjaradeilum.

Greiðsla Vinnudeilusjóðs nemur um 30% af lögfræðikostnaði KÍ 2008.

Fjármál

Stjórnir Vinnudeilusjóðs hafa lagt áherslu á að fara eftir ákvæðum í reglum sjóðsins hvað varðar ávöxtun samkv. 8. gr. en þar segir:

Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans eins og frekast er unnt.

Undanfarin ár hefur Vinnudeilusjóður samið um vaxtaauka á innlánsreikninga í viðskiptabanka sjóðsins BYR-sparisjóði (áður Sparisjóður vélstjóra). Auk þess hefur sjóðurinn átt verðbréfasöfn í þremur bönkum, þ.e. Landsbanka Íslands, BYR-verðbréfum og SPRON-verðbréfum. Til þess að taka sem minnsta áhættu hafa hlutabréf verið lítil hluti verðbréfasafnanna en fjármunir bundnir í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum sem „sérfræðingar“ bankanna töldu „gulltrygga“. Við bankahrunið sl. haust tapaði Vinnudeilusjóður töluverðum upphæðum og enn er nokkur óvissa um hvað fæst endanlega út úr skuldabréfasjóðum.

Á stjórnarfundi Vinnudeilusjóðs 30. október 2008 var eftirfarandi samþykkt:

Með tilliti til umskipta á banka- og verðbréfamarkaði að undanfögnu samþykkir stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ að innleysa verðbréf í eigu sjóðsins á næstu mánuðum eftir því sem hagkvæmt þykir. Um er að ræða verðbréfasöfn í vörslu verðbréfadeilda Landsbankans, BYR-sparisjóðs (áður VSP) og SPRON-verðbréfa.

Stefnt skal að innlausn verðbréfa í eigu Vinnudeilusjóðs KÍ þannig að eignir sjóðsins verði fyrst og fremst á verðtryggðum bankareikningum og í ríkisskuldabréfum.

Formanni Vinnudeilusjóðs KÍ er falið að tilkynna viðkomandi bankastofnun um samþykkt stjórnarinnar og óska eftir innlausn verðbréfa í eigu Vinnudeilusjóðs á næstunni eftir því sem hagkvæmt þykir.

Samkvæmt þessu voru peningar sjóðsins færðir á verðtryggða innlánsreikninga og samið um vaxtaálag.

Á stjórnarfundi 11. febrúar 2009 var eftirfarandi samþykkt:

Stjórn Vinnudeilusjóðs Kennarasambands Íslands samþykkir að sjóðurinn fjárfesti ekki í verðbréfum fyrst um sinn.

Verðbréf í eigu sjóðsins skal innleysa á næstu misserum, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal það gert í samráði við stjórnarformann Vinnudeilusjóðs KÍ.

Þar sem endurskoðaður ársreikningur Vinnudeilusjóðs liggur ekki fyrir er ekki hægt að birta ávöxtun sjóðsins 2008.

Eignir Vinnudeilusjóðs í lok árs 2008 voru rúmur milljarður kr., þar af í verðbréfum um 245 milljónir kr.

Iðgjöld til Vinnudeilusjóðs

Ákvörðun um greiðslu í Vinnudeilusjóð 2005-08 var tekin á 3. þingi KÍ 2005. Innheimta skal gjald sem nemur 0.45% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna og skal það vera hluti af félagsgjaldi til KÍ. Heildarupphæð gjalda í Vinnudeilusjóð 2008 var 133 milljónir kr.

Samkvæmt samþykktum fjórða þings KÍ 2008 verður hlutfall (%) gjalds til Vinnudeilusjóðs óbreytt árin 2009 til 2011.

Ýmsar nefndir

Vinnuumhverfisnefnd

Á fjórða þingi KÍ var mörkuð stefna sambandsins í vinnuumhverfismálum. Vinnuumhverfisnefnd var falið að framkvæma þá stefnu. Í henni eiga sæti fimm fulltrúar, einn frá hverju aðildarfélagi KÍ að undanskildu FS. Nefndin heyrir undir stjórn KÍ og er fag- og starfsnefnd hennar og annarra meginstofnana KÍ í vinnuumhverfismálum. Starfsmaður í vinnuumhverfismálum veitir stjórnendum, kennurum og trúnaðarmönnum ráðgjöf og aðstoð (50% starf). Vinnuumhverfisnefnd fyrir tímabilið 2008 -2011 tók til starfa sl. haust. Hún hefur gert starfsáætlun til ársins 2011.

Í þeim tilgangi að auka vitund félagsmanna um vinnuumhverfi sitt ákvað nefndin að tileinka hverri önn skólaársins ákveðið þema. Á vorönn 2009 er þemað líðan og samskipti á vinnustað.

Til að fylgja þessu eftir hefur verið útbúin svokölluð „vinnuumhverfisbóla“ á heimasíðu KÍ. Undir þeirri bólu eru upplýsingar sem falla að þessu þema og tilvísanir í ýmislegt sem tengist því. Ný bóla birtist í hverjum mánuði. Jafnframt verður að finna í Skólavörðunni grein, viðtal eða annað efni sem tengist þemanu. Skólastjórnendur verða einnig hvattir til að tileinka þemanu dag/viku á hverri önn.

Í október sl. sendi nefndin bréf til allra trúnaðarmanna þar sem vakin var athygli á evrópsku vinnuverndarvikunni sem var dagana 20. – 24. október og bar yfirskriftina „Bætt vinnuumhverfi – betra líf“. Bréfinu fylgdi gátlisti um áhættumat. Sjá nánar á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is

Sjá allt um vinnuumhverfismál, stefnu KÍ í þeim efnum, nefndina, starfsáætlunina, bóluna og margt, margt fleira á heimasíðunni, www.ki.is

Vinnuumhverfisnefnd KÍ er þannig skipuð:

Anna Guðmundsdóttir, SÍ
Ásdís Ingólfssdóttir, FF
Petrea Óskarsdóttir, FT
Sesselja G. Sigurðardóttir, FG

Valgerður Anna Þórisdóttir, FL
Hafdís Dögg Guðmundsdóttir, starfsmaður nefndarinnar

Jafnréttisnefnd KÍ – ársskýrsla fyrir tímabilið 12. apríl – 31. desember 2008

Fulltrúar í nefndinni eru:

Björk Óttarsdóttir, formaður, Helmut Hinrichsen, ritari, Hrönn Ríkharðsdóttir, Hulda Egilsdóttir og Kristín Helgadóttir.

Nefndin, sem tók til starfa eftir þing KÍ, hefur fundað fjórum sinnum, þar af einu sinni með Ernu Guðmundsdóttur, lögmanni KÍ.

Verkefni nefndarinnar eru að:

- vera stjórn KÍ til ráðuneytis um jafnréttismál og gera tillögur til stjórnar um aðgerðir í jafnréttismálum,
- endurskoða jafnréttisstefnu KÍ í ljósi nýrra jafnréttis laga. Við endurskoðun verði einnig höfð til hliðsjónar hugmyndafræði mannréttindamála,
- vinna umsagnir um frumvörp og önnur erindi þar sem óskað er eftir álitum KÍ um jafnréttismál,
- hafa forgöngu um samstarf við jafnréttisnefndir annarra launþegasamtaka,
- framfylgja samþykktum fjórða þings KÍ er varða jafnréttismál,
- annast verkefni sem tengjast aðkomu KÍ að alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Nefndin lagði áherslu á að byrja vinnu við endurskoðun jafnréttisstefnu KÍ og hafa allir fundir hennar hingað til helgast þeirri vinnu.

Helmut Hinrichsen fór sem fulltrúi nefndarinnar og KÍ á jafnréttisráðstefnu í Bratislava 3.-5. nóvember sl. þar sem sérstaklega var rætt um málefni samkynhneigðra.

Siðaráð

Á fjórða þingi KÍ sem haldið var í apríl 2008 var eftirfarandi samþykkt um stofnun og hlutverk siðaráðs:

Fjórða þing KÍ samþykkir að stofna siðaráð um siðareglur kennara. Stjórn KÍ er falið að móta tillögur um hvernig skipað er í ráðið, hve margir sitji í því og hversu lengi.

Hlutverk siðaráðs er að:

- a. Auka þekkingu á siðfræði og félagslegum álitamálum.
- b. Koma á og viðhalda umræðum um siðareglur.
- c. Móta sameiginlegan skilning á siðareglum.
- d. Vinna með stjórn og ráðum að því að kynna viðhorf stéttarinnar til faglegra álitamála.
- e. Vinna að endurskoðun og útfærslum á siðareglum kennara.
- f. Vera stjórn KÍ til ráðuneytis um álitamál sem varða

siðareglur sambandsins.

Stjórn KÍ gekk endanlega frá skipun fulltrúa í siðaráð á fundi sínum í febrúar 2009 og sitja eftirtaldir fulltrúar í ráðinu: Atli Harðarson, Jóhannes Skúlason og Linda Ósk Sigurðardóttir. Auk þess mun Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur starfa með ráðinu.

Siðaráð verður boðað til fyrsta fundar fljótlega að loknum ársfundi.

NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd)

Norrænu kennarafélögin hafa átt með sér mikið og náið samstarf á undanförunum árum á vettvangi NLS. Á deildar- og stjórnarfundum skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólastjóra á Norðurlöndum. Fulltrúar KÍ í stjórn NLS eru Eiríkur Jónsson, Elna Katrín Jónsdóttir og Björg Bjarnadóttir. Fundir stjórnar NLS voru haldnir í Danmörku árið 2008. Fulltrúar félaganna í einstaka deildum samtakanna eru Ólafur Loftsson og Þórður Á. Hjaltsted í grunnskóladeild, Ingibergur Elíasson og Anna María Gunnarsdóttir í framhaldsskóladeild og í leikskóladeild þær Björk Óttarsdóttir og Dagbjört Ásgeirsdóttir. Sjá einnig undir Skólamál/Erlent samstarf um menntamál.

Niðurlag

Óhætt er að segja að síðastliðið ár hafi verið sérstakt í sögu Kennarasambands Íslands, eins og reyndar þjóðarinnar allrar. Sú staðreynd að fjármálakerfi landsins hrundi leiddi til þess að allar áætlanir um kjarasamningagerð breyttust og einnig varð að endurhugsa marga þætti í starfsemi sambandsins. Mikil óvissa einkennir framtíðina og ólíklegt er að mikið gerist í málefnum þjóðarinnar fyrr en eftir kosningar. Mikilvægt er þó að missa ekki móðinn heldur halda ótrauð áfram í þá átt að byggja hér upp nýtt samfélag, samfélag sem byggist á réttlæti og jöfnum tækifærum allra til að lifa góðu og heiðarlegu lífi. Einn af hornsteinum slíks samfélags er öflugur og góður skóli. Þess vegna hefur Kennarasambandið lagt á það áherslu í störfum sínum að vekja athygli á mikilvægi skólanna í ástandi eins og nú ríkir. Skólastjórar, kennarar og annað starfsfólk skóla gegnir lykilhlutverki í þeirri uppbyggingarstarfsemi sem framundan er og því mikilvægt að styðja sem best við bakið á þessu fólki. Kennarasambandið hefur trúlega sjaldan haft mikilvægara hlutverki að gegna en einmitt núna.

Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn og eflt með því starfsemi Kennarasambandsins á liðnum mánuðum og vænti áframhalds á þeirra mikilvæga starfi.

*Fyrir hönd stjórnar Kennarasambands Íslands,
Eiríkur Jónsson*